

Ed.

255. Frumvarp til laga

um breytingar á lögum nr. 32 8. sept. 1931, um búfjárrækt.

(Eftir 2. umr. í Ed.).

1. gr.

Í stað síðustu málsgr. 54. gr. laganna komi fjórar málsgreinar, svo hljóðandi:
Samþykkt fóðurbirgðafélags, sem ráðuneytið hefir staðfest, má breyta á lögmætum aðalfundi félagsins, ef $\frac{2}{3}$ hlutar fundarmanna greiða atkvæði með breytingunni. Leita skal samþykkis sýslunefndar og staðfestingar ráðuneytisins á breytingunni. Varði breytingin að verulegu leyti aðra en félagsmenn, skal fara með málið á sama hátt og fyrir er mælt í lögum þessum um setningu samþykkta fyrir fóðurbirgðafélög.

Til þess að slíta fóðurbirgðafélagi skal tillaga um félagsslit borin upp á tveimur lögmætum aðalfundum félagsins í röð, og skal þess getið í fundarboði, að slík tillaga verði þar borin upp. Samþykki $\frac{3}{4}$ hlutar fundarmanna á báðum fundunum að slíta félaginu, skal ákvörðun fundarins send sýslunefnd til samþykkis og síðan ráðuneytinu til staðfestingar.

Til þess að aðalfundur sé ályktunarfær um breytingar á samþykkt eða um félagsslit, verða $\frac{3}{4}$ hlutar félagsmanna að vera þar mættir.

Nú er fóðurbirgðafélagi löglega slitið, og skal þá tryggingarsjóður þess lagður inn í Búnaðarbanka Íslands til ávöxtunar og vextir lagðir við höfuðstól, unz fóðurbirgðafélag verður aftur stofnað í hreppnum samkvæmt lögum þessum, en þá skal hann afhentur því félagi til afnota.

2. gr.

60. gr. laganna orðist þannig:

Fóðurbirgðafélagi stýrir þriggja manna stjórn. Tveir stjórnarnefndarmanna skulu kosnir af aðalfundi félagsins, en hinn þriðji af hlutaðeigandi hreppsnefnd. Kosningin gildir í þrjú ár, og gengur einn maður árlega úr stjórninni, þannig að kjósa ber ár hvert á aðalfundi mann í hans stað. Fyrstu tvö árin ræður hlutkesti, hver hinna upphaflegu stjórnarnefndarmanna skuli ganga úr stjórn, en síðan ganga þeir árlega úr stjórn í þeirri röð, sem þannig hefir myndast. Þangað til stjórn hefir verið kosin á fyrsta aðalfundi, stýrir bæjarstjórn eða hreppsnefnd málefnum félagsins, eða bráðabirgðastjórn kosin á stofnfundi samkvæmt 55. gr.

Stjórn félagsins sér um allar fjárreiður félagsins og framkvæmdir, og eru skuldbindingar hennar bindandi fyrir félagið. Hún getur meðal annars veitt félagsmönnum lán úr tryggingarsjóði til bjargar bústofni sínum, að vetri til eða vori, frá yfirvofandi felli, og er bústofninn að lögveði fyrir láninu, þangað til það er að fullu greitt, þó ekki lengur en tvö ár frá lántökudegi. Lánþegi má ekki selja eða á annan hátt ráðstafa bústofninum úr eign sinni frekar en svo, að jafnan sé næg trygging í eftirstöðvum hans fyrir láninu með vöxtum og kostnaði. Lögveð þetta gengur fyrir öllum öðrum veðböndum.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.